

Sent í umsagnagátt Alþingis
Reykjavík, 6. maí 2024

Alþingi
Fjárlaganefnd
v.t. Stefán Vagn Stefánsson, formaður


Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029, þskj. 1501 – 1035. mál, 154. löggjafarþing 2023-2024.

Stuðningskerfi landbúnaðarins

Í greinargerð fjármálaætlunarinnar fyrir málefni landbúnaðar eru tekin fram háleit markmið og máluð björt framtíðarsýn og styðja Bændasamtök Íslands það heilshugar. Endurspegla þau hversu mikilvægur landbúnaðurinn er fyrir framþróun landsins, fæðu- og matvælaöryggi, byggðafestu og heilbrigði þjóðar. Framtíðarsýnin sýnir einnig í hversu miklu metum landbúnaður er á meðal þjóðarinnar. Staðan er hins vegar sú að ákveðnu leyti að landbúnaðurinn færir fjær þessum markmiðum frekar en nær. Kjöt og grænmetisframleiðsla hefur dregist saman, sér í lagi ef magni er deilt á fólksfjölda.¹ Fækkun í bændastéttinni er afleiðing erfiðra rekstrarskilyrða sem hefur ollið hnignun í lífsgæðum bænda. Samhliða því hefur bændum reynst erfitt að fjárfesta í rekstri sínum til að auka framlegð. Frá árinu 2008 og fram yfir árið 2022 fækkaði rekstraraðilum í stærstu búgreinum landsins um 15%, megnið af þeirri fækkun hefur verið frá árinu 2018.

Megin áhyggjuefni Bændasamtakanna er trygg afkoma bænda sem er eitt af meginmarkmiðum búvörulaga, en þar segir meðal annars í 1. gr. laganna: *“Tilgangur þessara laga er: [...] að kjör þeirra sem landbúnað stunda verði í sem nánustu samræmi við kjör annarra stétta.”* Ljóst er að afkoman er óviðunandi sem orsakast af mörgum samverkandi þáttum s.s. laun í landbúnaði hafa ekki hækkað, jafnvel ekki á nafnvirði, langtímaskuldir bænda hafa aukist, vaxtagjöld eru þungur baggi á skuldsettum búum, aðfangakostnaður hefur aukist umfram almennt verðlag, óhagstæð þróun tollverndar, einhliða niðurfellingu tolla og önnur óhagstæð þróun í starfsskilyrðum.






¹ Fólksfjöldi í þessu tilfelli er skilgreint sem *fólk í mat*. Í þeirri tölu er meðal íbúafjöldi Íslands á gefnu ári auk meðal ferðamannafjölda á landinu á hverri stundu.



Markmiðin eru háleit en þróunin er neikvæð og síðustu ár höfum verið minnt reglulega á hversu brothætt staðin er orðin. Tvisvar hefur ríkið þurft að stíga inn í og veita neyðargreiðslur til að stemma stigum við snöggar breytingar í hagkerfinu sem hóta að sliga landbúnaðinn. Í greinargerð ráðuneyttisstjórahóps sem fjallaði um fjárhagsvanda í landbúnaði er tekið fram að stuðningskerfi í landbúnaði sé óskilvirkt og gallar þess bitni á bændum, neytendum og umhverfisvernd. Bændur, neytendur og hið opinbera finna fyrir því að stuðningskerfið sé ekki að sinna sínu og þrátt fyrir að væntingar séu til þess að efnahagslífið sé á betri braut en síðustu ár hafa breytingar til hins verra gerst hratt. Áfallaþróttur landbúnaðarins er því miður orðinn svo lítill að slík áföll þarf alltaf að taka alvarlega.

Núverandi búvörusamningar renna út í enda árs 2026 og er þá tækifæri til að semja um nýtt stuðningskerfi sem tekur mið af nútímanum. Mikilvægt er að þangað til séu öll sem koma að búvörusamningum með augun á boltanum og tilbúin að bregðast við ef þörf er á. Sömuleiðis þarf nýtt stuðningskerfi að vera hannað í samræmi við bæði rekstraraðstæður og væntingar til landbúnaðarins. Ef efla á viðnámsþrótt landbúnaðarins þarf að aðstoða bændur að taka fyrstu skrefin.

Bændasamtök Íslands vilja af þessu tilefni ítreka mikilvægi þess að svigrúmið til að bregðast við hinu ófyrirsjáanlega sé ekki hagrætt í burtu. Eins og segir í áliti fjármálaráðs við þessari fjármálaáætlun eru áföll orðin regla frekar en undantekning í hagkerfinu.



Fjármögnun aðgerðaráætlunar Landbúnaðarstefnu

Nýlega voru drög að aðgerðaráætlun Landbúnaðarstefnu kynnt og lögð í samráð. Bændasamtökin eru í grundvallar atriðum sammála þeim aðgerðum sem þar eru lagðar til en gerðu þó þann fyrirvara að óvissa væri varðandi fjármögnun verkefna. Eins og kemur fram í umsögn BÍ um aðgerðaráætlunina eru sjö aðgerðir ófjármagnaðar og átta til viðbótar sem eru aðeins fjármagnaðar að hluta. Mikilvægt er að þessar aðgerðir rati inn í fjármálaáætlun 2025-2029 þannig að þeim verði veittur sá stuðningur sem þær krefjast til að þær komist í framkvæmd.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands

Sverrir Falur Björnsson, hagfræðingur